

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 128 / 1149
komudagur 19.2.2003

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.02.2003
Tilv. 111
ÓAS/óas


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, heildarlög.

Með bréfi þann 7. febrúar síðastliðinn var óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál.

Kauphöllin vill nota tækifærið og fagna framlagningu frumvarpsins. Það hefur lengi verið skoðun Kauphallarinnar að nauðsynlegt væri að taka lög um verðbréfasjóði til endurskoðunar og láta löggjöfina ná til allrar sameiginlegrar fjárfestingar í sameiginlegum verðbréfum. Kauphöllin telur að breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu frá gildandi lögum eigi tvímælalaust eftir að auka samkeppnishæfni íslensks verðabréfamarkaðar, jafnframt því að draga úr réttaróvissu varðandi þau fyrirtæki um sameignlega fjárfestingu sem hafa fallið utan gildissviðs núgildandi laga.

Varðandi ákvæði III. Kafla B þar sem fjallað er um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutabréf (hlutabréfasjóðir) þá er að finna í kaflanum tilvísanir til laga um fjármálafyrirtæki og laga um hlutafélög. Kauphöllin telur æskilegt að einnig verði vísað til ákvæða laga um verðbréfavíðskipti, sbr. fyrirleggjandi frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti. Kauphöllin leggur því til að fyrirsögn 64. gr. verði svohljóðandi: "Tilvísanir í lög um hlutafélög og lög um verðbréfavíðskipti". Þá leggur Kauphöllin til að við greinina bætist svohljóðandi málsgrein: "Ákvæði IV, V, VI og VII. Kafla laga um verðbréfavíðskipti gilda um hlutabréfasjóði." Kauphöllin telur samræmisins vegna rétt að gera þessa viðbót og eins til að eyða hugsanlegri óvissu um að reglur um útboð, flagganir og yfirtökutilboð eigi við um hlutabréfasjóði.

Virðingarfyllt


Ólafur Arinbjörn Sigurðsson
lögfræðingur